

2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 8% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, skal reiknuð á einingarverði hinnar nýju gjaldskrár, og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar, reiknuð á einingarverði hinnar nýju gjaldskrár og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um að Grunnavíkurreppur skuli sameinaður Snæfjallahreppi.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Snæfjallahrepps og meðmælum sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, um að Grunnavíkurreppur verði sameinaður Snæfjallahreppi, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Grunnavíkurrepp skal sameina Snæfjallahreppi í eitt hreppsfélag, er nefnist Snæfjallahreppur.
2. Snæfjallahreppur hinn nýi skal taka yfir allt land Grunnavíkurrepps og Snæfjallahrepps hinna fornu, og skulu mörk Snæfjallahrepps hins nýja vera hin sömu og mörk þeirra hreppa voru fyrir sameininguna gagnvart Nauteyrarhreppi, Sléttuhreppi og Árneshreppi.
3. Hreppssjóði Grunnavíkurrepps, sem nú er í vörzlum sýslumanns Ísafjarðarsýslu að fjárhæð kr. 41815.33, skal varið til að standa straum af framfærslu styrkþega Grunnavíkurrepps, sem voru þegar hreppurinn lagðist niður, þar til hann þrýtur, en að honum þrotnum tekur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að sér að greiða þann hluta framfærslu nefndra styrkþega, sem Grunnavíkurreppi hefði ella borið að greiða.

Að öðru leyti annast Snæfjallahreppur hinn nýi þá framfærslu, sem á hann kann að falla lögum samkvæmt.

4. Eftir sameiningu umræddra hreppa hvíla allar þær aðrar skyldur, sem lögum samkvæmt hvíldu á báðum hreppunum, á Snæfjallahreppi hinum nýja, enda nýtur hann allra þeirra réttinda, sem þeim hreppum bar að lögum fyrir sameininguna.
5. Bækur og skjöl Grunnavíkurrepps hins forna skulu varðveitt í héraðsskjalasafni Norður-Ísafjarðarsýslu, en hreppsnefnd Snæfjallahrepps skal eiga aðgang að þeim, þegar hún þarfnast.
6. Sameining Grunnavíkurrepps og Snæfjallahrepps, hinna fornu, skal miða við 1. janúar 1964.

Verði ágreiningur út af ofangreindri sameiningu skal úr honum skorið af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

Heimtaugargjöld.

2. gr.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Liður nr.	Málstraumur málaun	Jarðstrengur	Jarðstrengur		Loftlína	
			Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
1	25 A	1-fasa			2400	2800
2	60 A	—	3700	240	2800	3200
3	100 A	—	4900	290	3600	4000
4	25 A	3-fasa			2800	3200
5	60 A	—	4900	290	3600	4000
6	100 A	—	6600	330	4800	5000
7	200 A	—	13200	500	9600	6000
8	350 A	—	23100	750		
9	150 kVA	—	26500			
10	300 kVA	—	53000			
11	500 kVA	—	88500			

Málstraumur, A, merkir ampére. Málaun kVA, merkir kílóvoltampere (sérspennistöð).

3. gr.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu leið að varkassa.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa.